

Ed.

222. Frumvarp til laga

[207. mál]

um breyting á lögum nr. 68 10. október 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 19 5. apríl 1968, lög nr. 42 16. apríl 1971, lög nr. 50 25. apríl 1973, lög nr. 68 21. maí 1974, lög nr. 44 16. maí 1977, lög nr. 59 31. maí 1979, lög nr. 44 11. maí 1982, lög nr. 55 30. maí 1984 og lög nr. 52 7. maí 1986, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

3. tölul. 8. gr. laganna orðist svo:

Framlagi til Útflutningsráðs Íslands skv. 4. tölul. 9. laga þessara.

2. gr.

4. tölul. 9. gr. laganna orðist svo:

2/ hlutar af því gjaldi, sem innheimt er af iðnaðinum í landinu, sbr. 1. tölul. 5. gr. laganna, og skal þeim hlut ráðstafað óskiptum til Útflutningsráðs Íslands.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 68 10. október 1967, um Iðnlánasjóð, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum um Útflutningsráð Íslands, nr. 38/1986, 6. gr., segir að einn af tekjuliðum ráðsins sé tekjur af iðnlánasjóðsgjaldi skv. lögum nr. 55/1984. Tryggt er að ráðið fær þann hluta af iðnlánasjóðsgjaldi sem tilgreindur er í síðarnefndu lögunum. Í lögum nr. 55/1984, sem breyta lögum um Iðnlánasjóð, er þó á tveimur stöðum talað um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins en hún var lögð niður með lögunum um Útflutningsráð Íslands, nánar tiltekið við gildistöku þeirra laga 1. október 1986.

Með frumvarpi þessu eru ákvæði laga nr. 55/1984 færð til samræmis við ákvæði hinna nýju laga nr. 38/1986.

Að öðru leyti virðast einstakar greinar frumvarpsins ekki þurfa nánari skýringa við.